

1. Inngangur

Skipuleg og virk andstaða gegn samrunaþróuninni innan Evrópusambandsins og forvera þess Efnahagsbandalagi Evrópu (hér eftir nefnt Evrópubandalagið) hefur lengi verið til staðar í ýmsum nágrannaríkjum okkar í Evrópu. Gjarnan hefur stofnun slíkra andstöðuhreyfinga komið til þar sem fyrir hafa legið áform um að viðkomandi ríki tækju þátt í þeirri þróun með einum eða öðrum hætti. Sú var t.a.m. raunin í bæði Noregi og Danmörku þar sem stofnun slíkra hreyfinga kom til vegna þjóðaratkvæðagreiðsla um inngöngu í Evrópubandalagið í byrjun 8. áratugar síðustu aldar. Danir gengu í bandalagið en Norðmenn kusu að standa utan þess og gera enn.

Hér á landi varð fyrsta hreyfing þessarar tegundar sem eitthvað kvað að til árið 1991 þegar samningaviðræður stóðu yfir um aðild Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu (EES). Hreyfingin fékk heitið Samstaða um óháð Ísland og hafði það markmið að reyna að koma í veg fyrir að EES-samningurinn tæki gildi hér á landi auk þess að beita sér gegn því að Íslendingar gerðust aðilar að Evrópubandalaginu sjálfu sem nokkru síðar varð að Evrópusambandinu með gildistöku Maastricht-sáttmálans 1993. Í Samstöðu starfaði fyrst og fremst fólk sem staðsett var á miðju og vinstrivæng íslenskra stjórnmála en illa gekk að fá sjálfstæðismenn til þátttöku í starfi hreyfingarinnar þó undantekningar hafi verið á því. Fyrir utan að varpa ljósi á starfsemi og baráttu Samstöðu er markmið ritgerðarinnar að leggja mat á þann árangur sem hreyfingin náði með starfsemi sinni auk þess að svara því hvers vegna sjálfstæðismenn hafi verið tregir til þátttöku í hreyfingunni.

Ýmsir fræðimenn hafa fjallað um þau pólitísku átök sem urðu um aðildina að Evrópska efnahagssvæðinu eins og t.d. Baldur Þórhallsson, prófessor í stjórnmálafræði, og Ólafur Þ. Stephensen, stjórnmálafræðingur.¹ Hins vegar hefur lítið sem ekkert verið minnst á Samstöðu um óháð Ísland í þeim efnum. Þá eru heimildir um hreyfinguna og starfsemi hennar nokkuð takmarkaðar. Helst er um að ræða efni úr fjölmiðlum frá þeim tíma þegar hún var starfandi en það efni er þó að sama skapi af skornum skammti. Lítið

¹ Sjá: Baldur Þórhallsson: „Stefnumótun, átök og afleiðingar. Evrópustefna íslenskra stjórnvalda“. *Uppbrot hugmyndakerfis: Endurmótun íslenskrar utanríkisstefnu 1991-2007*. Valur Ingimundarson (ritstj.). Reykjavík 2008. Og: Ólafur Þ. Stephensen: *Áfangi á Evrópuför. Evrópskt efnahagssvæði og íslensk stjórnmál*. Reykjavík 1996.

af gögnum virðist hafa varðveist frá starfsemi Samstöðu og margir þeirra sem hefðu getað gefið upplýsingar um hana eru fallnir frá. Við gerð ritgerðarinnar ræddi höfundur einkum við tvo lykilþátttakendur í starfsemi Samstöðu um óháð Ísland, annars vegar Hjörleif Guttormsson, fyrrum þingmann og ráðherra Alþýðubandalagsins, sem einkum var virkur í starfi hreyfingarinnar á fyrstu árum hennar og hins vegar Önnu Ólafsdóttur Björnsson, fyrrum þingmann Kvennalistsins, sem var stofnfélagi en kom þó aðallega við sögu eftir að EES-samningurinn var samþykktur og var m.a. síðasti formaður hreyfingarinnar. Einnig ræddi höfundur við Ragnar Arnalds, fyrrum þingmann og ráðherra Alþýðubandalagsins og Björn Bjarnason, fyrrum þingmann og ráðherra Sjálfstæðisflokksins. Reynt var að ná sambandi við fleiri aðila sem hugsanlega gætu varpað frekara ljósi á viðfangsefnið, m.a. í röðum sjálfstæðismanna, en án árangurs.

Reynt er í ritgerðinni að notast við þær heimildir sem til staðar eru og höfundur varð sér úti um til þess að skapa mynd af Samstöðu um óháð Ísland, starfsemi hreyfingarinnar og baráttumálum hennar.

2. Samstaða um óháð Ísland stofnuð

Vorið 1991 var ríkisstjórn Sjálfstæðisflokksins og Alþýðuflokksins, svonefnd Viðeyjarstjórn, mynduð í kjölfar kosninga til Alþingis. Stjórnin hafði það m.a. að markmiði að ná samningum við Evrópubandalagið um aðild Íslands að hinu svonefnda Evrópska efnahagssvæði sem rætt var um að yrði myndað af aðildarríkjum bandalagsins annars vegar og aðildarríkjum Fríverslunarbandalags Evrópu (EFTA) hins vegar og veita EFTA-ríkjunum, og þ.m.t. Íslandi, aðgang að innri markaði Evrópubandalagsins. Átti EES-samningurinn að byggja á fjórfrelsinu svokölluðu, frjálsu flæði fólks, fjármagns, varnings og þjónustu. Aðildarríkjum EFTA yrði gert að taka upp þann hluta löggjafar Evrópubandalagsins sem gildi um innri markaðinn. Þá gerði Evrópubandalagið kröfu um ákveðnar aflaheimildir í íslensku efnahagslögsögunni í tengslum við gerð samningsins. Vinstristjórnin sem áður hafði setið undir forsæti Steingríms Hermannssonar hafði hafið viðræður um málið árið 1989 en innan hennar höfðu hins vegar verið miklar deilur um það. Það var einkum Alþýðuflokkurinn sem sótti það fast að viðræðum um EES væri haldið til streitu en hann hafði sömuleiðis verið aðili að vinstristjórn Steingríms.² Í stefnuyfirlýsingu Viðeyjarstjórnarinnar sagði um EES-málið að markmiðum sínum ætlaði hún sér m.a. að ná með því „að semja um þáttöku [sic] Íslendinga í evrópska efnahagssvæðinu (EES), til þess að tryggja hindrunarlausan aðgang sjávarafurða að Evrópumörkuðum.“³

Stofnun Samstöðu um óháð Ísland var beinlínis viðbrögð við myndun Viðeyjarstjórnarinnar og þeirri ákvörðun hennar að halda áfram samningum um aðild Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu. Undirbúningur fyrir stofnun hreyfingarinnar hófst strax um sumarið m.a. með mörgum undirbúningsfundum sem aðallega voru haldnir í kjallaranum á Hótel Lind við Rauðarárstíg gegnt utanríkisráðuneytinu. Seinna voru stjórnarfundir Samstöðu gjarnan haldnir á veitingastaðnum Lækjarbrekku og á Súfistanum í Hafnarfirði.⁴ Hreyfingin var byggð á grunni eldri samtaka sem stofnuð höfðu verið árið 1989 og kölluð voru Fræðslusamtök um Ísland og EB. Eldri samtökin

² Um forsögu EES-málsins má t.a.m. lesa í bók Einars Benediktssonar, fyrrum sendiherra, Ísland og Evrópuþróunin 1950-2000. Einnig í kafla Baldurs Þórhallssonar og Hjalta Þórs Vignissonar: „The first steps: Iceland's policy on European integration from the foundation of the republic to 1972“ í ritinu Iceland and European integration: On the edge sem ritstýrt var af Baldri.

³ Vef. „Stefnuyfirlýsing Sjálfstæðisflokks og Alþýðuflokks“.

<<http://www.forsaetisraduneyti.is/media/Radherra/stefnuyfirlysing91.pdf>>.

⁴ Viðtal höfundar við Önnu Ólafsdóttur Björnsson 6. nóvember, 2009. Sjá einnig: Vef. „Unnið að stofnun samtaka gegn aðild Íslands að EES“. <http://www.mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein_id=70282>.

voru sett á laggirnar í kjölfar heimsóknar Kristen Nygaard, þáverandi leiðtoga Nei-hreyfingarinnar svokallaðrar í Noregi sem barðist gegn inngöngu Norðmanna í Evrópubandalagið, til Íslands 11. júní það ár, en þau þjónuðu mikilvægu hlutverki sem undirbúningur fyrir stofnun Samstöðu.⁵

Hreyfingin var formlega stofnuð 29. ágúst 1991 á stofnfundi á Hótel Borg.⁶ Kristín Einarsdóttir, þingmaður Kvennalistsins, var kjörin fyrsti formaður Samstöðu og gegndi þeirri stöðu til ársins 1993.⁷ Í samtali við *Þjóðviljann* í tilefni af stofnfundi hreyfingarinnar sagði Kristín m.a. að markmið hennar væri að upplýsa þjóðina um áhrif þess ef til aðildar Íslands að annars vegar EES og hinsvegar Evrópubandalaginu kæmi. „Við teljum að ef við gerðumst aðilar að slíkum bandalögum yrði um að ræða glötun á stjórnarfarslegu og efnahagslegu sjálfstæði Íslands. Við viljum því reyna að sporna gegn því að erlendir aðilar nái tangarhaldi á íslensku landi og auðlindum lands og sjávar.“⁸

Áherslur Samstöðu

Samstaða um óháð Ísland hafði ekki eiginlega stefnuskrá heldur var fyrst og fremst um að ræða það meginmarkmiði hreyfingarinnar að berjast gegn samþykkt EES-samningsins og inngöngu í Evrópubandalagið.⁹ Vafalaust hefur þar haft einhver áhrif að meðlimir Samstöðu höfðu gjarnan nokkuð ólíkan pólitískan bakgrunn og fastmótuð og ítarleg stefna því sennilega ekki þótt eiga við. Í svokölluðum starfsreglum hreyfingarinnar sem samþykktar voru á stofnfundi hennar voru þó tiltekin önnur helstu markmið hennar. Fyrir það fyrsta að fram færi þjóðaratkvæðagreiðsla áður en ríkisstjórnin og Alþingi tækju afstöðu til aðildar að Evrópska efnahagssvæðinu eða inngöngu í Evrópubandalagið. Í annan stað að upplýsa almenning um áhrif slíkrar aðildar á „stjórnarfarslegt og efnahagslegt sjálfstæði Íslands [sic].“¹⁰ Þá var lögð áhersla á forræði Íslendinga yfir eigin landi og auðlindum sem og þeim sviðum „sem mestu varða um velferð landsmanna og verndun umhverfis.“¹¹ Að lokum var lögð áhersla á að „aðlögun að breytingum í Evrópu skerði ekki möguleika Íslendinga [sic] til samskipta við önnur ríki og samstöðu með þjóðum sem eru hjálpar þurfi eða háðar alþjóðlegri

⁵ Tölvupóstur frá Hjörleifi Guttormssyni 11. nóvember, 2009.

⁶ „Kristín Einarsdóttir kosin formaður Samstöðu um óháð Ísland“. *Morgunblaðið* 31. ágúst, 1991. bls. 18.

⁷ Vef. „Kristín Einarsdóttir“. <<http://www.althingi.is/cv.php4?nfaerslunr=389>>.

⁸ „Kjósundur eiga rétt á þjóðaratkvæðagreiðslu um EES“. *Þjóðviljinn*, 31. ágúst, 1991. bls. 5.

⁹ „Starfsreglur Samstöðu“. *Morgunblaðið* 27. september, 1991. bls. 36.

¹⁰ Vef. „Stofnfundur Samstöðu á Suðurlandi“.

<http://www.mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein_id=75629>.

¹¹ Vef. „Stofnfundur Samstöðu á Suðurlandi“.

<http://www.mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein_id=75629>.

aðstoð.¹² Þá má nefna að í stað EES-samningsins vildi Samstaða hefja tvíhliða viðræður við Evrópubandalagið um „endurbætur á gildandi fríverslunarsamningi og gagnkvæmum samskiptum á öðrum sviðum.“¹³

Á undirbúningsfundum fyrir stofnun Samstöðu sumarið 1991 var mikið rætt um það hvort EES-samningurinn bryti í bága við stjórnarskrána og hvort samþykkt hans fæli það hugsanlega í sér að Íslendingar væru að afsala sér lýðveldinu. Margir af meðlimum hreyfingarinnar mundu eftir lýðveldisstofuninni og því var sú hlið málsins þeim mjög hugleikin. Fjórfrelsið sem aðildin að Evrópska efnahagssvæðinu fól í sér var ekki endilega aðalmálið heldur frekar það að tengjast Evrópubandalaginu með þeim hætti sem rætt var um og vera undir yfirþjóðlegt vald þess sett. Var þar einkum átt við Evrópuþómsstólinn og þá lagasetningu bandalagsins sem féll undir EES-samninginn. Þá var einnig rætt um hættuna á því að mögulegt yrði að ráða erlent vinnuafli til Íslands á lægri töxtum en í gildi væru hér á landi.¹⁴ Upplýsingar um áherslur Samstöðu um óháð Ísland að öðru leyti er helst að finna í ýmsu því efni sem hreyfingin sendi frá sér á starfstíma sínum og þá einkum í upphafi. Þannig sagði t.a.m. í fréttatilkynningu sem hreyfingin sendi frá sér í kjölfar stofnfundarins að hún vildi stuðla að víðtækri fríverslun við önnur ríki og góðum samskiptum á milli Íslands og Evrópubandalagsins sem og við aðrar þjóðir og heimshluta. Ennfremur að um leið vildi hún tryggja að Íslendingar yrðu áfram óháðir viðskiptabandalögum og þjóðin héldi óskertu fullveldi sínu.¹⁵

Þann 22. október sama ár var samkomulag um stofnun Evrópska efnahagssvæðisins og aðild Íslands að því undirritað í Lúxemburg.¹⁶ Tveimur dögum síðar sendi stjórn Samstöðu um óháð Ísland frá sér fréttatilkynningu til fjölmiðla þar sem varað var við því að aðild að EES hefði alvarlegar afleiðingar fyrir Ísland og íslensku þjóðina. Með henni afsöluðu Íslendingar sér „verulegum hluta af stjórnþækjum sínum í efnahags- og atvinnumálum og hluta af sjálfsákvörðunarrétti þjóðarinnar.“¹⁷

¹² Vef. „Stofnfundur Samstöðu á Suðurlandi“.

<http://www.mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein_id=75629>.

¹³ „EES-samningsdrögin stofna sjálfstæði þjóðarinnar í mikla hættu“. *Dagur* 18. desember, 1991.

¹⁴ Viðtal höfundar við Önnu Ólafsdóttur Björnsson 6. nóvember, 2009.

¹⁵ „Kristín Einarsdóttir kosin formaður Samstöðu um óháð Ísland“. *Morgunblaðið* 31. ágúst, 1991. bls. 18. Þess má geta að í frétt Þjóðviljans er sama efni að mestu leyti og fram kom í fréttatilkynningunni haft eftir Kristínu Einarsdóttur. Orðalagið er þannig nákvæmlega það sama. Sjá: „Kjósundur eiga rétt á þjóðaratkvæðagreiðslu um EES“. *Þjóðviljinn* 31. ágúst, 1991. bls. 5.

¹⁶ „Samið um EES“. *Morgunblaðið* 27. október, 1991. bls. 4. Endanlagur EES-samningur var þó ekki undirritaður fyrr en síðar.

¹⁷ „Samningurinn hefur alvarlegar afleiðingar“. *Morgunblaðið* 24. október, 1991. bls. 29.

3. Starfsemi hreyfingarinnar

Starfsemi Samstöðu um óháð Ísland hefur að öðru leyti verið með hefðbundnu sniði sambærilegra félagsamtaka. Haldnir voru fundir víða um land, sendar út ályktanir þegar þurfa þótti, greinar skrifaðar í blöð og almennt séð reynt að nýta þau tækifæri sem í boði voru til þess að hafa áhrif á þjóðfélagsumræðuna um EES-samninginn og Evrópubandalagið og koma sjónarmiðum hreyfingarinnar á framfæri.

Í framhaldi af stofnfundi Samstöðu um óháð Ísland í ágústlok 1991 var hafist handa við að setja á laggirnar aðildarfélög í öllum kjördæmum landsins, en gert var ráð fyrir stofnun slíkra félaga í starfsreglum hreyfingarinnar. Kjördæmafélög voru í kjölfarið stofnuð á nokkrum stöðum á landinu þ.á.m. á Egilsstöðum fyrir Austurlandskjördæmi, á Sauðárkróki fyrir Norðurlandskjördæmi vestra og á Ísafirði fyrir Vestfjarðakjördæmi.¹⁸ Samkvæmt starfsreglunum var hlutverk kjördæmafélaganna að „skipuleggja starf hvert á sínu svæði um meginmarkmið samtakanna, sem er að vinna gegn aðila Íslands að Evrópsku efnahagssvæði og Evrópubandalaginu.“¹⁹ Kjördæmafélögin náðu þó aldrei neinu teljandi flugi. Fólk sem skráð hafði sig til þátttöku í þeim gegndi þó hlutverki í undirskriftasöfnun sem Samstaða stóð fyrir þar sem krafist var þjóðaratkvæðis um aðildina að Evrópska efnahagssvæðinu.²⁰

Sumarið 1992 opnaði Samstaða skrifstofu að Laugavegi 3 í Reykjavík. Í fréttatilkynningu frá hreyfingunni vegna opunarinnar sagði að á skrifstofunni yrði starfandi einn starfsmaður í sjálfboðavinnu og ennfremur tekið sérstaklega fram að starfsemi hennar færi eingöngu fram með „sjálfboðavinnu og frjálsum framlögum.“²¹ Samstaða um óháð Ísland var aldrei rík hreyfing og var að mestu fjármögnuð með félagsgjöldum en einhverjir styrkir munu einnig hafa fengist. Þá stóð það starfinu talsvert fyrir þrífum að öll vinna skyldi vera unnin í sjálfboðavinnu. Þrátt fyrir takmörkuð fjárráð stóð hreyfingin engu að síður fyrir lítulsháttar útgáfustarfsemi sem byggðist aðallega á því að koma sjónarmiðum ennar á framfæri.²² Það gekk hins vegar illa, áhugi var lítill innanlands og aðgengi að fjölmiðlum ekki mikið. Þá rituðu fáir

¹⁸ „Tvö kjördæma félög Samstöðu stofnuð“. *Þjóðviljinn* 5. október, 1991. bls. 4. Sjá einnig: „Samstaða um óháð Ísland stofnar kjördæmisfélög“. *Morgunblaðið* 15. janúar, 1992. bls. 34.

¹⁹ *Vef*. „Starfsreglur Samstöðu sem samþykktar voru á stofnfundi samtakanna 29. ágúst sl.“ <http://www.mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein_id=74527>.

²⁰ Tölvupóstur frá Hjörleifi Guttormssyni 11. nóvember, 2009.

²¹ „Opnar skrifstofu í Reykjavík“. *Dagur* 4. júlí, 1992. bls. 3.

²² Viðtal höfundar við Önnu Ólafsdóttur Björnsson 6. nóvember, 2009.

félagsmenn greinar í blöð að einhverju marki um málið. Upplýsingamiðlunin var því einkum inn á við.²³

Þeir sem komu að Samstöðu voru einkum staðsettir á miðju og vinstrivæng íslenskra stjórn mála en einnig voru einhverjir hægrimenn sem komu að starfsemi hreyfingarinnar.²⁴ Erfiðlega gekk að fá sjálfstæðismenn til að starfa innan hennar þrátt fyrir að miklar efasemdir hafi verið á meðal þeirra um málið og ekki síður innan þingflokks Sjálfstæðisflokksins.²⁵ Þær efasemdir hafa sennilega byggst á hliðstæðum atriðum og gagnrýni Samstöðu, m.a. áhyggjum af fullveldinu, að EES-samningurinn stangaðist á við stjórnarskrána, að hann opnaði á flæði erlends vinnuaflds til landsins og væri fyrsta skrefið í átt að inngöngu í Evrópusambandið sjálft.²⁶ Ýmislegt kann þó að hafa skýrt samstarfstregðu sjálfstæðismanna. Sjálfstæðisflokkurinn var nýlega sestur í ríkisstjórn þegar Samstaða var stofnuð og hafði það að markmiði að semja um aðild að Evrópska efnahagssvæðinu. Það kann að hafa sett marga sjálfstæðismenn í erfiða stöðu.²⁷ Þá er ekki ósennilegt að hreyfingin hafi einfaldlega þótt of vinstri sinnuð að áliti margra sjálfstæðismanna.²⁸ Í því sambandi verður að hafa í huga að kalda stríðinu var að ljúka um það leyti sem Samstaða var stofnuð sem kann að hafa haft sín áhrif. Þá er ekki ólíklegt að nafn hreyfingarinnar hafi hugsanlega haft neikvæð áhrif í þessum efnum vegna verkalýðshreyfingarinnar Samstöðu í Póllandi sem vissulega barðist gegn kommúnistum en engu að síður með talsvert byltingarsinnuðum aðferðum.²⁹

Samskiptin við stjórnvöld

Bein samskipti Samstöðu um óháð Ísland við stjórnvöld voru ekki mikil. Samstaða stóð engu að síður í beinum samskiptum við stjórnvöld af einu tilefni en hreyfingin gagnrýndi harðlega það sem hún áleit einhliða upplýsingamiðlun stjórnvalda um EES-samninginn sem miðaði að því að varpa upp jákvæðri mynd af efni hans en úthýsa allri gagnrýni. Stóð hún í nokkru stappi einkum við utanríkisráðuneytið vegna þessa. Í tilefni af opnun skrifstofu Samstöðu tók *Morgunblaðið* nokkra stjórnarmenn hreyfingarinnar

²³ Tölvupóstur frá Önnu Ólafsdóttur Björnsson 23. janúar, 2010.

²⁴ Viðtal höfundar við Önnu Ólafsdóttur Björnsson 6. nóvember, 2009.

²⁵ Baldur Þórhallsson: „Stefnumótun, átök og afleiðingar. bls. 88.

²⁶ Ólafur P. Stephensen: *Áfangi á Evrópuþör*. bls. 164-166.

²⁷ Viðtal höfundar við Önnu Ólafsdóttur Björnsson 6. nóvember 2009. Einnig: Tölvupóstur frá Ragnari Arnalds 16. janúar 2010. Og: Tölvupóstur frá Hjörleifi Guttormssyni 11. nóvember, 2009.

²⁸ Tölvupóstur frá Birni Bjarnasyni 28. desember 2009. Einnig: Tölvupóstur frá Önnu Ólafsdóttur Björnsson 24. janúar, 2010. Og: Björn Bjarnason: „EES og samhengið í umræðum um utanríkismál“. bls. 14.

²⁹ Tölvupóstur frá Önnu Ólafsdóttur Björnsson 23. janúar, 2010.

tali og komu þar m.a. fram þungar áhyggjur þeirra af því að henni hefði ekki verið veittir neindir styrkir frá hinu opinbera til þess að kynna sjónamið sín. Þeir sögðust telja að utanríkisráðuneytið væri í einokunaraðstöðu þegar að því kæmi að kynna EES-samninginn. Þá bentu þeir á að hliðstæðar hreyfingar á hinum Norðurlöndunum hefðu bæði notið opinberra styrkja og fengið tækifæri til þess að kynna sínar áherslur.³⁰

Um mánaðarmótin október-nóvember 1991 sendi stjórn Samstöðu um óháð Ísland bréf til utanríkisráðuneytisins þar sem farið var þess á leit að hreyfingin fengi að taka fullan þátt í kynningarfundum ráðuneytisins um EES-samninginn og að ráðuneytið stæði straum af kostnaði vegna þeirrar þátttöku eins og í tilfalli annarra sem fram kæmu á þeim. Yrði þessu hafnað óskaði stjórnin eftir fjárhagslegum stuðningi frá ráðuneytinu svo hreyfingin gæti haldið eigin kynningarfundum með það fyrir augum að sem flest sjónarmið fengju að njóta sín í málinu. Ennfremur var gagnrýnt í bréfinu að þeir kynningarfundir utanríkisráðuneytisins sem þegar hefðu farið fram væru einhliða og að gagnrýnum sjónarmiðum hefði ekki verið gerð nokkur skil.³¹

Hvorug þessara óska náði fram að ganga. Þannig greindi *Morgunblaðið* frá því 2. júní 1992 að umsókn Samstöðu til utanríkisráðuneytisins um fjárstyrk til kynningar á EES-samningnum hefði verið hafnað. Hreyfingin hefði óskað eftir 2,5 milljóna króna styrk til útgáfustarfsemi og kynningarfunda á sjónarmiðum sínum í málinu. Haft var eftir þáverandi skrifstofustjóra viðskiptaskrifstofu ráðuneytisins, Gunnari Snorra Gunnarssyni, að ráðuneytið hafi ekki verið aflögufært í ljósi þess að heildarupphæðin sem ætluð væri til kynningar á EES-samningnum væri um 7-10 milljónir. Fleirum hafi verið synjað og þ.á.m. „stofnunum með sterkari stöðu.“³² Þá sagði Gunnar að utanríkisráðuneytið væri að kynna efnisatriði samnings sem lægi fyrir og að fjárveiting þess nægði aðeins til „prentunar grundvallarupplýsinga.“³³

Í bréfi til utanríkisráðuneytisins dagsettu 27. apríl 1992 hafði stjórn Samstöðu m.a. sagt að hún teldi eðlilegt að hluti þeirrar fjárhæðar sem ætlaður væri til kynningar á EES-samningnum væri veittur til almennasamtaka sem létu sig málið sérstaklega varða og í því sambandi vísað til þess að á hinum Norðurlöndunum væri litið á starfsemi samtaka eins og Samstöðu sem „hlekk í lýðræðislegri umræðu.“³⁴ Í fréttatilkynningu sem hreyfingin sendi frá sér í kjölfar afsvars utanríkisráðuneytisins sagði að höfnun

³⁰ „Opnar skrifstofu í Reykjavík“. *Dagur* 4. júlí, 1992. bls. 3.

³¹ „Óska eftir þátttöku í kynningarfundum utanríkisráðherra“. *Morgunblaðið* 3. nóvember, 1991. bls. 6.

³² „Synjað um styrk til kynningar á EES“. *Morgunblaðið* 2. júní, 1992. bls. 15.

³³ „Synjað um styrk til kynningar á EES“. *Morgunblaðið* 2. júní, 1992. bls. 15.

³⁴ „Synjað um styrk til kynningar á EES“. *Morgunblaðið* 2. júní, 1992. bls. 15.

ráðuneytisins benti til þess að það ætlaði sér ekki að „stuðla að gagnrýnni og opinni umræðu um þetta afdrifaríkasta mál sem Íslendingar hafi staðið frammi fyrir í sögu lýðveldisins.“³⁵

Krafan um þjóðaratkvæði

Stærsta einstaka verk Samstöðu um óháð Ísland var undirbúningur og skipulagning undirskriftasöfnunar á landsvísu gegn aðild að Evrópska efnahagssvæðinu. Söfnunin hófst sumarið 1991 nokkru áður áður en hreyfingin var formlega stofnuð.³⁶ Markmiðið með söfnuninni var tvískipt, annars vegar að krefjast þess að hætt yrði samningaviðræðum fyrir Íslands hönd um aðild að Evrópska efnahagssvæðinu og hins vegar ef samið yrði um slíka aðild að hún yrði lögð í dóm þjóðarinnar. Í undirskriftasöfnuninni söfnuðust að lokum rúmlega 34 þúsund undirskriftir sem afhentar voru Salome Þorkelsdóttur, forseta Alþingis, 4. nóvember 1992. Samkvæmt tilkynningu sem Samstaða sendi fjölmiðlum af því tilefni kom fram að flestar undirskriftirnar hafi safnast í Norðurlandskjördæmi vestra eða 34% kjósenda. Næst kom Norðurlandskjördæmi eystra þar sem 28% skrifuðu undir. Mun minni þátttaka var á höfuðborgarsvæðinu, t.a.m. 19% í Reykjavík. Þá skrifuðu 12% undir á Reykjanesi. Sagði í tilkynningunni að hreyfingunni hafi verið bannað að safna undirskriftum á fjölförnum stöðum eins og við stórmarkaði og bensínstöðvar á höfuðborgarsvæðinu.³⁷ Eina skiptið sem Samstaða komast nálægt því að verða raunveruleg þverpólítísk hreyfing var í kringum undirskriftasöfnunina, en þeir sem tóku þátt í henni höfðu mjög þverpólítískan bakgrunn.³⁸

Tveimur dögum eftir afhendingu undirskriftalistanna fór fram atkvæðagreiðsla á Alþingi um tillögu sem lögð hafði verið fram af stjórnarandstöðupingmönnum um þjóðaratkvæði um EES-samninginn en hún var felld. Var mjög mjótt á mununum en 31 þingmaður greiddi atkvæði gegn tillögunni en 28 með. Allir þingmenn stjórnarandstöðunnar greiddu atkvæði með tillögunni auk tveggja þingmanna Sjálfstæðisflokksins, þeirra Eyjólfssonar og Inga Björns Albertssonar.³⁹ Aðild Íslands að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið var að endingu samþykkt á

³⁵ „Synjað um styrk til kynningar á EES“. *Morgunblaðið* 2. júní, 1992. bls. 15.

³⁶ „Kjósendur eiga rétt á þjóðaratkvæðagreiðslu um EES“. *Þjóðviljinn*, 31. ágúst 2009. bls. 5.

³⁷ „Tillaga um þjóðaratkvæði líklega felld á Alþingi í dag“. *Morgunblaðið* 5. nóvember, 1992. bls. 2.

³⁸ Viðtal höfundar við Önnu Ólafsdóttur Björnsson 6. nóvember, 2009.

³⁹ „Tillaga um þjóðaratkvæði um EES felld“. *Morgunblaðið* 6. nóvember 1992. bls. 52.

Alþingi 12. janúar 1993 með 33 atkvæðum gegn 23.⁴⁰ Þrír þingmenn Sjálfstæðisflokksins lögðust gegn samningnum, auk Eyjólfss og Inga Björns greiddi Eggert Haukdal atkvæði gegn samþykkt hans. Samningurinn tók í framhaldinu formlega gildi 1. janúar árið eftir.

Eftir að Alþingi hafði hafnað þjóðararkvæði um EES-samninginn og í framhaldi lagt blessun sína yfir hann beindust sjónir manna að forseta lýðveldisins, Vigdís Finnbogadóttur. Undirskriftasöfnun Samstöðu hafði aðallega verið ætlað að stuðla að því að samþykkt yrði í þinginu að leggja málið í þjóðararkvæði. Þegar ljóst varð að það markmið næðist ekki voru vonir bundnar við það að forsetinn neitaði að undirrita löggin um aðild Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu og vísaði þar með málinu til þjóðarinnar. Vigdís hafði miklar efasemdir um EES-samninginn og íhugaði alvarlega að vísa málinu í þjóðararkvæði. Það sem hún hafði einkum áhyggjur af var skerðing á fullveldi landsins og var mikill þrýstingur á hana að neita að skrifa undir ekki síst á þeim forsendum. Ákvörðunin var Vigdís afar erfið, að hennar sögn sú erfiðasta sem hún hafði staðið frammi fyrir í forsetatíð sinni. Hún fylgdist náið með gangi mála og ræddi við marga aðila til þess að afla sér upplýsinga og þ.á.m. forystumenn stjórnmalaflokkanna. Forystumenn ríkisstjórnarinnar höfðu áhyggjur af því að Vigdís kynni að neita að undirrita löggin og höfðu lokum frumkvæði að því að funda með henni um málið þar sem þeir útskýrðu málið ítarlega eins og það sá við þeim. Að lokum tók Vigdís þá ákvörðun að staðfesta löggin einkum vegna þess að hún átti mjög erfitt með að ganga gegn vilja þingsins. Þá óttaðist hún að þjóðararkvæðagreiðsla snerist um hana eða ríkisstjórnina en ekki EES-samninginn sjálfan. Yrði samningnum hafnað segði ríkisstjórnin líklega af sér sem leiddi til upplausnar í stjórnmalum landsins.⁴¹

4. Starfsemin eftir gildistöku EES

Samþykkt EES-samningsins var mikið áfall fyrir Samstöðu um óháð Ísland og hafði lamandi áhrif á starfsemi samtakanna. Eftirleiðis varð aldrei viðlíka kraftur í þeim eins og verið hafði fyrir samþykkt samningsins.⁴² Forystumenn hreyfingarinnar munu engu að síður sem fyrr hafa talið fulla þörf fyrir áframhaldandi starfsemi hennar. Þannig var m.a. lögð áhersla á áframhaldandi mikilvægi Samstöðu þrátt fyrir samþykkt EES-samningsins í ályktun landsfundar hreyfingarinnar sem fram fór 22. maí 1993. Sagði þar

⁴⁰ „Alþingi samþykkir EES með 33 atkvæðum gegn 23“. *Morgunblaðið* 13. janúar, 1993. bls. 22-23.

⁴¹ Baldur Þórhallsson: „Stefnumótun, átök og afleiðingar. bls. 87-96.

⁴² Tölvupóstur frá Hjörleifi Guttormssyni 11. nóvember, 2009.

að hún myndi halda áfram að upplýsa um skaðleg áhrif EES-samningsins og „leita lags til að koma í veg fyrir að hann festist í sessi.“⁴³ Þá sagði að Samstaða myndi áfram vinna gegn öllum tilraunum til þess að „innlima Ísland í Evrópubandalagið“⁴⁴ og var að lokum heitið á alla Íslendinga „að halda vöku sinni til varnar sjálfstæði þjóðarinnar og endurheimta það sem tapast hefur.“⁴⁵

Sá möguleiki mun hafa verið til skoðunar hjá Samstöðu að láta reyna á það fyrir dómstólum hvort EES-samningurinn stæðist stjórnarskrána. Í *Degi* 27. maí 1993 kemur fram að formleg ákvörðun hefði þá ekki verið tekin um slíkt en verið væri að athuga málið í samráði við lögfræðinga. Rætt var við nýkjörinn formann Samstöðu, Gunnlaug Júlíusson, sem sagði m.a. að þegar væri ljóst að samningurinn setti Alþingi takmörk. Margir væru nú að átta sig á alvöru málsins og því sem hreyfingin hefði varað við.⁴⁶ Hvað sem annars líður áformum um að fara með EES-samninginn fyrir dómstóla virðast þau áform ekki hafa farið lengra. Samstaða hélt áfram að standa í stappi við opinbera aðila um að gagnrýnum röddum á samninginn væri gert kleift að heyrast til jafns við þær sem lofuðu hann. Þannig sendi stjórn hreyfingarinnar útvarpsráði bréf í apríl 1994 þar sem þess var krafist að Ríkissjónvarpið stæði fyrir gerð sjónvarpsþátta þar sem gert yrði skil þeirri gagnrýni sem komið hefði fram á EES-samninginn. Var í því sambandi skírskotað til fræðsluþátta sem sýndir höfðu verið í Ríkissjónvarpinu stuttu áður sem stjórn Samstöðu þótti aðeins sýna samninginn í jákvæðu ljósi.⁴⁷ Starfsemi Samstöðu mun þó ekki hafa verið svipur hjá sjón samanborið við það sem var fyrir samþykkt EES-samningsins. Meiri áhersla virðist annars hafa verið lögð á andstöðu við inngöngu í Evrópusambandið en áður. Þann 16. júní 1994 birtist t.a.m. grein í *Morgunblaðinu* eftir Gunnlaug Júlíusson þar sem hann lagði áherslu á andstöðu við inngöngu í sambandið en EES-samningsins var aðeins getið stuttlega. Reifaði hann ýmis rök gegn því að ganga í sambandið en tilefni greinarinnar munu hafa verið ummæli Jóns Baldvins Hannibalssonar, utanríkisráðherra, að hagsmunum Íslendinga væri best borgið þar innandyra:

„Innan Evrópu hefur á liðnum áratugum verið stefnt að samruna ríkja Evrópu af gríðarlega sterkum öflum. Bandaríki Evrópu með

⁴³ „Ávarp frá landsfundi um óháð Ísland, 22. maí 1993“. *Morgunblaðið* 3. júní, 1993. bls. 39.

⁴⁴ „Ávarp frá landsfundi um óháð Ísland, 22. maí 1993“. *Morgunblaðið* 3. júní, 1993. bls. 39.

⁴⁵ „Ávarp frá landsfundi um óháð Ísland, 22. maí 1993“. *Morgunblaðið* 3. júní, 1993. bls. 39.

⁴⁶ „Íhugar prófmál gegn EES-samningnum“. *Dagur* 27. maí, 1993. bls. 3.

⁴⁷ „Samstaða um óháð Ísland vill útvarpsþætti um EES“. *Morgunblaðið* 6. apríl, 1994. bls. 31.

eina Evrópustjórn, Evrópumynt, Evrópuher og Evrópustefnu er markmið þessara aflu. Gríðarlegt miðstýringarvald embættismanna í Brussel hefur að verulegu leyti tekið ráðin af kjörnum fulltrúum þjóðþinga í Evrópu. [...] Sjávarútvegsstefna Evrópusambandsins hefði það í för með sér að við misstum yfirráð yfir fiskimiðunum, fjöreggi okkar. [...] Gríðarlegt atvinnuleysi er innan Evrópusambandsins. Við myndum ekki geta leitt það hjá okkur vegna aukinnar samkeppni og áhrifa innri markaðar Evrópu. [...] Umhverfismál eru sífellt stærra vandamál innan Evrópusambandsins.“⁴⁸

Í ályktun landsfundar Samstöðu sem fram fór 27. maí 1995 virðist það sama hafa verið uppi á teningnum og a.m.k. ekki minna rætt um hugsanlega inngöngu í Evrópusambandið en EES-samninginn. Sagði um samninginn m.a. að ekkert bólaði á þeim mikla ávinningi sem hann átti að skila þrátt fyrir að Ísland hefði þá verið aðili að honum í eitt og hálf t. Þá væru breytingar á íslenskri löggjöf samkvæmt fyrirmælum frá sambandinu á fullri ferð. Um Evrópusambandið sagði hins vegar m.a.: „Þótt aðild sé ekki á stefnuskrá núverandi ríkisstjórnar þurfa landsmenn að vera vel á verði gagnvart röngum og villandi áróðri um Evrópusambandið og þær afdrifaríku afleiðingar sem aðild að því hefði í för með sér.“⁴⁹ Að lokum var ítrekað í ályktuninni að Samstaða gegndi áfram mikilvægu hlutverki m.a. við að meta reynslu Íslendinga af EES-samningnum og upplýsa almenning um Evrópusambandið „þannig að þjóðin átti sig á kostum þess að halda óháðri stöðu utan slíkra bandalaga.“⁵⁰

Þegar íslensk stjórnvöld hófu þátttöku í viðræðum um hugsanlega aðild að svokölluðu Schengen-samstarfi á vegum Evrópusambandsins um afnám landamæra á milli aðildarríkjanna lagðist Samstaða um óháð Ísland alfarið gegn þeim hugmyndum. Í ályktun sem stjórn hreyfingarinnar sendi frá sér í byrjun maí 1996 var varað við því að Íslendingar gerðust þátttakendur í Schengen-samstarfinu. Þar sagði að eini ávinningurinn af samstarfinu væri afnám vegabréfaeftirlits innan þess svæðis sem það næði yfir. Ísland yrði hins vegar um leið aðili að viðamiklu skráningar- og eftirlitskerfi, svokölluðu Schengen-upplýsingakerfi, sem ætlað væri að taka á dreifingu og sölu

⁴⁸ Gunnlaugur Júlíusson: „Samstaða um óháð Ísland“. *Morgunblaðið* 16. júní, 1994. bls. 34.

⁴⁹ „Vera þarf á verði gagnvart villandi áróðri“. *Morgunblaðið* 30. maí, 1995. bls. 10.

⁵⁰ „Vera þarf á verði gagnvart villandi áróðri“. *Morgunblaðið* 30. maí, 1995. bls. 10.

fíkniefna auk annari glæpastarfsemi. Var fullyrt í ályktuninni að aðild Íslendinga að þessu kerfi stangaðist á við íslensk lög.⁵¹

Undir lokin var farið að gæta andstæðra fylkinga innan Samstöðu um óháð Ísland. Ekki var þó um eiginlegan málefnaágreining að ræða heldur snerist málið einkum um það hvort hreyfingin ætti að taka harða afstöðu til þeirra mála sem hún barðist fyrir eða hvort hreyfingin ætti að leitast við að verða breiðfylking sem reyndi að höfða til sem flestra á grundvelli grunnafstöðu sinnar. Þá t.d. að reyna að fá sem flesta sjálfstæðismenn til þátttöku í starfi hennar sem ekki hafði gengið vel eins og áður er fjallað um.⁵² Anna Ólafsdóttir Björnsson, fyrrum þingmaður Kvennalistans, var kosin síðasti formaður Samstöðu sem eins konar sáttatillaga. Hennar tilfinning var sú að þrautreynt væri að hreyfingin yrði nokkurn tímann þverpólítísk og fyrir vikið var hún hlynnt því að undirbúin yrði stofnun nýs félags sem gæti orðið raunveruleg þverpólítísk hreyfing. Samstaða var aldrei í raun lögð niður formlega heldur hætti hún smám saman starfsemi og lagðist að lokum af.⁵³ Nýja félagið var stofnað 27. júní 2002 og gefið nafnið Heimssýn, hreyfing sjálfstæðissinna í Evrópumálum og starfar það enn.⁵⁴

⁵¹ „Samstaða varar við Schengen“. *Morgunblaðið* 7. maí, 1996. bls. 10.

⁵² Viðtal höfundar við Önnu Ólafsdóttur Björnsson 6. nóvember, 2009.

⁵³ Viðtal höfundar við Önnu Ólafsdóttur Björnsson 6. nóvember, 2009. Einnig: Tölvupóstur frá Önnu Ólafsdóttur Björnsson 23. janúar, 2010.

⁵⁴ Vef. „Um Heimssýn“.

<http://www.heimssyn.is/index.php?option=com_content&view=article&id=46&Itemid=27>.

5. Niðurstöður

Hugsanlegt er að barátta Samstöðu um óháð Ísland gegn samþykkt EES-samningsins hafi að einhverju leyti verið barátta við vindmyllur. Það er a.m.k. ljóst að við ramman reip var að draga. Ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Alþýðuflokks var einörð í að ná samningum um aðild Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu og hafði þingstyrk til þess að koma málinu í gegn þó efasemdir væru í þingflokki sjálfstæðismanna um það. Það reyndist þó ekki nóg þegar upp var staðið þó þrír þingmenn Sjálfstæðisflokksins greiddu atkvæði gegn aðildinni. Möguleikar Samstöðu til þess að ná árangri í baráttu sinni fólust aðallega í því að ákveðið yrði að leggja málið í dóm þjóðarinnar. Ekki munaði þó miklu að það tækist, í það minnsta var mjótt á mununum þegar þingheimur greiddi atkvæði um tillögu þess efnis. Að öðru leyti hefur árangur Samstöðu einkum byggst á því að þjappa saman andstöðuöflum við EES-samninginn og hugsanlega virkað sem samstarfsvettvangur fyrir fólk úr ólíkum stjórnmálaflokkum til þess að samræma andstöðu við hann. Þá hefur hreyfingin gegnt því hlutverki að vera fulltrúi andstöðu við málið úti í samfélaginu.

Eitt af því sem mun hafa staðið Samstöðu einkum fyrir þrifum var sú staðreynd að hreyfingin varð aldrei raunverulega þverpólitísk. Einkum tókst ekki að fá sjálfstæðismenn til að taka þátt í starfi hennar nema í undantekningartilfellum og fyrir vikið voru þeir sem störfuðu innan hennar einkum staðsettir á miðju og vinstrivæng stjórnmálanna. Þó það virðist ekki hafa verið ýkja mikill munur á stefnumálum Samstöðu og þeirra sjálfstæðismanna sem efasemdir höfðu um EES-samninginn má gera ráð fyrir að málflutningur talsmanna hreyfingarinnar hafi mótast talsvert af þessari staðreynd eins og t.d. varðandi óttann við að aðildin að Evrópska efnahagssvæðinu græfi undan kjörum launafólks og starfi verkalýðshreyfingarinnar. Það sem þannig hefur vafalaust leitt til dræmrar þátttöku sjálfstæðismanna í Samstöðu hefur verið vinstri-lagsíða auk þess sem gagnrýni á EES-samninginn var í andstöðu við stefnu Sjálfstæðisflokksins og áherslur forystu flokksins. Ólíkt Samstöðu um óháð Ísland komu margir sjálfstæðismenn að starfi Heimssýnar, þeirrar hreyfingar sem tók við keflinu, og áttu mikinn þátt í að stofna hana. Hugsanlega hefur þar spilað inn í að Heimssýn hafði ekki þá fortíð að hafa barist gegn EES-samningnum og hafði slíka

andstöðu heldur ekki á stefnuskrá sinni. Stefna þeirrar hreyfingar var og er aðeins við inngöngu í Evrópusambandið.⁵⁵

Eftir að þjóðaratkvæðagreiðsla um EES-samninginn var út sögunni fór að halla mjög undan fæti hjá Samstöðu og í raun má segja að sú hafi verið reyndin að meira eða minna leyti allt þar til hún hætti starfsemi. Starfsemin varð ekki svipur hjá sjón eftir að Ísland var formlega orðið aðili að Evrópska efnahagssvæðinu. Lítilsháttar andóf var gegn hugsanlegri inngöngu í Evrópusambandið og síðan aðild landsins að Schengen-samstarfinu en það hefur verið fremur máttlaust miðað við það sem áður var gegn EES-samningnum. Starfsemi Samstöðu lauk síðan eins og fleiri hreyfinga m.a. í kjölfar innbyrðis ósættis.

⁵⁵ Vef. „Um Heimssýn“.

<http://www.heimssyn.is/index.php?option=com_content&view=article&id=46&Itemid=27>.

6. Heimildaskrá

Prentaðar heimildir:

Bækur og blaðgreinar:

Baldur Þórhallsson: „Stefnumótun, átök og afleiðingar. Evrópustefna íslenskra stjórnvalda“. *Uppbrot hugmyndakerfis: Endurmótun íslenskrar utanríkisstefnu 1991-2007*. Valur Ingimundarson (ritstj.). Reykjavík 2008.

Baldur Þórhallsson og Hjalti Þór Vignisson: „The first steps: Iceland’s policy on European integration from the foundation of the republic to 1972“. *Iceland and European Integration: On the edge*. Baldur Þórhallsson (ritstj.). London/New York 2004.

Björn Bjarnason: „EES og samhengið í umræðum um utanríkismál“. *Morgunblaðið* 4. september, 1991.

Einar Benediktsson: *Ísland og Evrópuþróunin 1950-2000*. Reykjavík 2000.

Gunnlaugur Júlíusson: „Samstaða um óháð Ísland“. *Morgunblaðið* 16. júní, 1994.

Ólafur Þ. Stephensen: *Áfangi á Evrópuför. Evrópskt efnahagssvæði og íslensk stjórnsmál*. Reykjavík 1996.

Dagblöð:

Morgunblaðið 1991-1996

Þjóðviljinn 1991

Dagur 1991-1993

Óprentaðar heimildir:

Heimildir af netinu:

Vef. „Kristín Einarasdóttir“. Alþingi. <<http://www.althingi.is/cv.php4?nfaerslunr=389>>. 15. ágúst, 2001.

Vef. „Starfsreglur Samstöðu sem samþykktar voru á stofnfundi samtakanna 29. ágúst sl.“ Morgunblaðið. <http://www.mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein_id=74527>. 27. september, 1991.

Vef. „Stefnuyfirlýsing Sjálfstæðisflokks og Alþýðuflokks“. Forsætisráðuneytið. <<http://www.forsaetisraduneyti.is/media/Radherra/stefnuyfirlýsing91.pdf>>. 30. apríl, 1991.

Vef. „Stofnfundur Samstöðu á Suðurlandi“. Morgunblaðið. <http://www.mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein_id=75629>. 18. október, 1991.

Vef. „Um Heimssýn“. Heimssýn, hreyfing sjálfstæðissinna í Evrópumálum. <http://www.heimssyn.is/index.php?option=com_content&view=article&id=46&Itemid=27>. Ódagsett.

Vef. „Unnið að stofnun samtaka gegn aðild Íslands að EES“. Morgunblaðið. <http://www.mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein_id=70282>. 29. júní, 1991.

Munnlegar heimildir:

Tölvupóstur frá Birni Bjarnasyni 28. desember, 2009.

Tölvupóstur frá Hjörleifi Guttormssyni 11. nóvember, 2009.

Tölvupóstur frá Ragnari Arnalds 16. janúar, 2010.

Tölvupóstur frá Önnu Ólafsdóttur Björnsson 23. janúar, 2010.

Viðtal höfundar við Önnu Ólafsdóttur Björnsson 6. nóvember, 2009.